

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 317/2015

2017/EES/64/23

frá 11. desember 2015

## um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/962 frá 18. desember 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 17kf (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 585/2014/ESB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„17kg. **32015 R 0962**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/962 frá 18. desember 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 157, 23.6.2015, bls. 21).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/962, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Oda Sletnes*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 157, 23.6.2015, bls. 21.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.